

Ed.

288. Frumvarp til laga

[151. mál]

um breyting á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsins og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapar tíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt.

2. gr.

Í 1. málsg. 17. gr. laganna breytist „16 ára“ á tveimur stöðum í: 18 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um lífeyrissjóð sjómanna voru samþykkt árið 1970. Var sjóðurinn áður nefndur lífeyrissjóður togarasjómanna, en nafni hans var breytt, þegar bátasjómenn fengu aðild að honum.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að eftirlifandi maki eigi rétt á lífeyri úr sjóðnum, hafi sjóðfélagi þá greitt iðgjöld sín til sjóðsins í a. m. k. 10 ár.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að viðkomandi hafi greitt í sjóðinn a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Biðtíminn yrði því stytur úr 10 árum í 6 mánuði. Lífeyrissjóðir hinna almennu verkalýðsfélaga hafa nú þegar slíkt ákvæði, svo að sízt er ástæða til að beita svo löngum biðtíma gagnvart sjómönnum, sem yfirleitt hafa stuttan starfstíma miðað við aðrar stéttir.

Ákvæði gildandi laga valda því, að ekkjur ungra sjómanna, sem farast, fá engar makabætur og eru því lakar settar en ekkjur verkamanna.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því, að ákvæði 15. og 17. gr. um 16 ára aldur barna breytist í 18 ár í samræmi við gildandi lög um almannatryggingar.